



# Akstursíþróttasamband Íslands

## Árþing 20. mars 2021

Níunda árþing Akstursíþróttasambands Íslands var haldið í D fundarsal ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal laugardaginn 20. mars 2021 kl. 12:00.

### 1. Þingsetning

Helga Katrín Stefánsdóttir formaður Akstursíþróttasambands Íslands setti þingið og bauð félagsmenn velkomna á árþing AKÍS.

### 2. Kosning 3ja manna kjörbréfanefndar

Formaður lagði til að Heimir Snær Jónsson, Baldur Haraldsson og Magnús Ragnarsson skipi kjörbréfanefnd og var það samþykkt samhljóða.

### 3. Kosning þingforseta og þingritara

Formaður lagði til að Hafstein Pálsson yrði þingforseti og Baldvin Hansson þingritari, sem samþykkt var samhljóða. Í framhaldi af því tók Hafsteinn við stjórn fundarins. Hafsteinn spurði hvort einhver hefði athugasemdir við boðun árþingsins. Svo var ekki og lýsti hann því þingið löglegt.

### 4. Ávarp gesta

Þingforseti frestar þessum lið þar til síðar.

### 5. Skýrsla stjórnar lögð fram og kynnt

Helga Katrín Stefánsdóttir formaður flutti skýrslu stjórnar.

Góðir fundarmenn.

Á starfsárinu 2020 voru skráðar 57 keppnir. Keppnistímabilið hófst af fullum krafti strax í janúar þar sem voru haldnar keppnir í hermiakstri. Það stóð stutt því að í febrúar kom Covid 19 sem átti eftir að hafa mikill áhrif á allt íþróttastarf í landinu. Það tókst að halda 32 keppnir en því miður þurfti að aflýsa 25 keppnum vegna aðgerða sóttvarnaryfirvalda. Það reyndist oft erfitt fyrir keppnishaldara að halda keppir og skipuleggja þær með ýmsum höftum sem voru á þeim tíma. Allir akstursíþróttafélögin eiga heiður skilinn að hafa unnið eftir þessum erfiðu kröfum sem voru settar til að halda keppnishaldinu gangandi. Það var fullur skilningur hjá stjórn um að ef félögin vildu aflýsa keppnum eða fresta þá mundi stjórn ekki vinna á móti því.

Einnig voru gerðar smávægilegar breytingar í ýmsum greinum þar sem keppnisflokkar voru ekki að ná fjölda keppna til þess að vera krýndur meistari.

Á árinu voru gefin út 643 keppnisskírteini. Sem er tæp 30% minnkun frá árinu áður. Einnig voru gefin út tvö alþjóðleg skírteini sem voru ætluð til brautaraksturs.

Í byrjun janúar voru lagðar fram nýlega þýddar reglur um kafli J sem snéri að öryggisbúr og byrjað að móta vinnuferli við að skoða öll þau öryggisbúr keppnistækja sem eru hér á landi. Farið var að skoða öryggisbúr út frá reglum og gæðamati á suðum, mæla og taka myndir af og skrá öll keppnistæki í gagnagrunn hjá AKÍS. Þetta er byrjunin að koma upp gerðavottunafæri hér á landi

Þýðing Reglubókar FIA (International Sporting Code) var á lokaspretti í byrjun árs og var undirbúningur hafinn við gerð námskeiðs sem átti að vera haldið í byrjun sumars en varð ekki úr vegna aðgerða stjórnvalda, í staðinn voru haldnir kynningarfundir fyrir keppnistjóra, dómnefndarmenn og keppendur til þess að kynna fyrir þeim breytingar sem myndu verða á keppnum á síðasta keppnistímabili. Það er búin að vera mikill undirbúningur fyrir að halda námskeið fyrir helstu starfsmenn á keppnum stefnan er að halda fjögur námskeið öll verða í fjarfundi þau eru á dagskrá núna í lok mars og í byrjun apríl.

Í framhaldi þýðingar Reglubókarinnar var gerð reglugerð um keppnishald þar sem tekið er á ýmsum málum sem koma að keppnis- og mótahaldi sérstaklega hér á landi. Þrátt fyrir að þessi reglugerð hafi verið gefin út er hún reglulega í endurskoðun og bætingu. Það sem hefur verið ofarlega í umræðunni er að dómnefndir eigi að vera á staðnum þegar keppnir eru og séu að vinna eftir Reglubókinni. Í ár mun stjórn AKÍS skipa formann dómnefndar á allar keppnir sem er verið að keppa til Íslandsmeistara. Sambandið mun sjá um ferða og gistikostnað vegna þessa.

Upp úr byrjun júní kom ný breyting á reglugerð sem snéri að aldri barna og unglinga í akstursíþróttum. Það þýðir að Akstursíþróttasambandið getur sett reglur um aldur barna sem mega keppa í akstursíþróttum, þau mættu samt vera ekki yngri en alþjóðlegar reglur segja um. Um leið og þessi reglugerðarbreyting kom inn þá bætast ungir krakkar á fimmtánda ári í hópinn í unglingaflokki í rallycrossi. Heyrst hefur að fleiri keppnisgreinar hafa opnað á að þessir frábæru ungu öikumenn geta tekið þátt.

Í ágúst síðastliðinn var haldin hér fyrsta umferð í heimsmeistarakeppni FIA í nákvæmisakstri rafbíla. Þetta er þriðja árið sem Ísland heldur þessa keppni og stefnan er að halda hana aftur á næsta ári. Sjö keppendur voru skráðir, þar af fjórar erlendar áhafnir. Efsta íslenska áhöfnin voru þær systur Auður og Rebekka Pálsdætur sem enduðu í öðru sæti, eftir afar harða keppni. Í heildina enduðu þær í þriðja sæti til heimsmeistara og telst það mjög góður árangur. Samhliða heimsmeistarmótinu var keyrð ein umferð í Íslandsmóti í nákvæmisakstri og á árinu voru krýndir í fyrsta sinn Íslandsmeistarar í nákvæmisakstri rafbíla.

Lítið var um námskeið eða fundarhald allt var streymt í gegnum fjarfundarbúnað, við áttum að halda stóra FIA ráðstefnu ásamt Woman in Motorsport ráðstefnuna en vegna Covid var það ekki hægt og því var því aflýst. NEZ ráðstefnan var í gegnum fjarfund í fyrsta skipti og það gekk vonum frammar. Í opnunarræðu Graham Stoker á þeim fundi lýsti hann því yfir að

hann myndi vilja að Ísland myndi halda í ár næstu ráðstefnu við tókum jákvætt í það og stefnan er að Sport Regional Congress ásamt Nez fundirnir verði haldin í október hér á landi.

Unnið var hörðum höndum við að bæta mótakerfið og það var gert aðgengilegra fyrir keppnishaldara. Stofnun keppna var lagfærð, lögð áhersla á að mótakerfið yrði þannig að allir keppnishaldarar gætu stofnað keppnir með samræmdum hætti og jafnframt að uppfylla skilyrði reglna þar um. Sniðmát fyrir sérreglur í öllum keppnisgreinum hafa verið settar inn og myndast þær við stofnun keppni. Bætt hefur verið við upplýsingatöflu fyrir hverja keppni sem keppnishaldari getur notað til að koma skilaboðum til keppenda og þeirra sem málið varðar. Nú er hægt að staðfesta félagsaðild með því að senda inn skrá. Skráning Íslandsmeistara var einnig lagfærð og birting þeirra aðlöguð keppnisgreinum.

Á formannafundi 2020 fól fundurinn Einari Gunnlaugssyni að kanna hvort hægt sé að fá nýja reglugerð um akstursíþróttir þar sem ný umferðarlög tóku í gildi um áramótin 2020 og það vantar alveg að uppfæra reglugerðina um akstursíþróttir ásamt tryggingum. Þetta hefur verið í ferli og það er hægt að segja frá því að það er verið að skrifa þessa reglugerð í þessum töluðu orðum og við vonum að hún verði tilbúin fyrir þetta keppnistímabil.

Stjórn AKÍS hefur verið að tala við tryggingafélögin um betri tryggingar fyrir keppnistæki, það hefur gengið misvel sum hafa neitað að tala við okkur enn það hafa komið jákvæð svör frá öðrum. Það helsta er að sambandið getur keppt tryggingar fyrir alla keppendur hvort það sé á númerum eða ekki. Það er komið verð í þetta hjá einu tryggingafélagi. Enn þetta er samt allt frjáls ábyrgðartrygging með sök. Þetta er enn í ferli og við munum láta vita um leið og það er komin einhver betri niðurstaða í þetta mál.

Akstursíþróttasambandið gerði samning við Braga Þórðarson nú í byrjum þessa árs um heimildasöfnun um akstursíþróttir frá upphafi til 2012. Það er gott framtak og mikill vinna að finna öll þessi úrslit því það er verið að tala um í kringum 800 keppnir sem hafa farið fram. Þessi samningur er til þriggja ára.

Stjórn AKÍS hefur verið að vinna að Afreksstefnu sambandsins, það hafa farið fram tvö alþjóðleg mót í Hermikappakstri. Fyrsta var á Reykjavík International Games (RIG) þar voru tólf íslenskir keppendur að keppa við dani. Einnig fór fram núna um miðjan mars í fyrsta skipti Evrópumót landsliða í Digital mótorsport. Það voru sex þjóðir sem tóku þátt og við sendum sex lið samtals tólf keppendur

Til að halda áfram að vinna eftir afreks stefnunni erum við búin að fá Andreas Boysen til að sjá um þetta verkefni að halda afreksstefnu á lofti.

Það eru mörg önnur mál sem ugglaust mætti minnst á, en ég læt þetta nægja að sinni.

Að lokum vill ég enda á því að þakka öllum keppnishöldurum, keppnisráðum, starfsfólki, sjálfboðaliðum og að sjálfsgöðu keppendum fyrir frábært keppnistímabil árið 2020. Þetta var mjög krefjandi tímabil í mikilli óvissu um hvort það væru keppnir og hvernig þær myndu fara fram.

Það er alls ekki sjálfgefið að allir þessir einstaklingar taki saman höndum og gerðu þessar keppnir sem voru haldnar svona vel. Þið sem stóðuð vaktina eigið hrós skilið og ég vil innilega þakka fyrir þau störf sem þið hafið lagt á ykkur til þess að gera þetta tímabil að veruleika í mjög krefjandi aðstæðum. Innilega þakkir.

## 6. Endurskoðaðir reikningar AKÍS lagðir fram og kynntir

Árni Gunnlaugsson gjaldkeri kynnti reikninga sambandsins fyrir rekstrarárið 2020.

## 7. Álit kjörbréfanefndar

Baldur Haraldsson formaður kjörbréfanefndar staðfesti að 16 atkvæði væru gild á þinginu. Það vantaði kjörbréf frá einu akstursíþróttafélagi og gefið var færi á að það gildi ef það bærisk áður en til kosninga kæmi. Sjá Viðauka 2 fyrir nánari upplýsingar um kjörbréf.

## 8. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Aðalsteinn Símonarson kveður sér hljóðs.

- a. Fyrirspurn varðandi reglugerð um akstursíþróttir: Verður sambandið ekki í ráðum um innihald og gildistöku. Svo að það komi ekki á síðustu stundu rétt fyrir keppnistímabil.  
Helga svarar um að sambandið sé í samvinnu við ráðuneytin varðandi reglugerðir.
- b. Varðandi reikninga. hvað er "ÍSÍ staða"? Gjaldkeri svarar að þetta sé reikningur hjá ÍSÍ sem AKÍS á.
- c. Varðandi útistandandi skuldir uppá 800 þús: Gjaldkeri svarar að þetta sé félagsaðildargjald FIA sem var ógreitt um áramót.
- d. Vill hrósa stjórn fyrir gott starf á liðnu ári ásamt þakkar fyrir bætтар fundargerðir.

## 9. Samþykkt reikninga

Reikningar bornir upp og samþykktir samhljóða.

## 10. Ávarp gesta

Fundarstjóri tekur til máls og flytur kveðjur framkvæmdastjórnar, forseta og starfsfólks ÍSÍ. Hafsteinn þakkaði stjórn AKÍS fyrir gott samstarf. Eins og oft áður er mikið af stórum verkefnum á dagskrá hjá ÍSÍ. Enn vegna heimsfaraldurs var erfitt fyrir íþróttir að halda sínu striki. Fella þurfti niður mikið af keppnum í ýmsum greinum.

## 11. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram

Gjaldkeri ber fram fjárhagsáætlun næsta árs.

Lottó gekk vel á síðasta ári og því bærisk auka greiðslur undir lok árs.

Fyrirspurn kom hvers vegna það væru engir styrkir til aðildarfélaga?

Ástæðan er sú að stefnt er að minnkuðum hagnaði.

Stefnan er að minnka tekjur og styrki svo ekki sé verið að afla tekna sem síðan er miðlað í formi styrkja til sömu aðila að nýju.

Fjárhagsáætlunin borin upp til samþykktar. Áætlun samþykkt samhljóða.

## 12. Lagabreytingar

Hafsteinn Pálsson fór yfir lagabreytingartillögur sem komu frá stjórn AKÍS í röð eftir greina númerum laganna.

Breytingar ræddar og afgreiddar á eftirfarandi greinum laga AKÍS:

- 7. gr borin upp og samþykkt samhljóða
- 8. gr borin upp og samþykkt samhljóða
- 12. gr breyting á skipan stjórnar
  - Tillaga frá Heimi Snæ Jónsýni um að tillögunni verði hafnað - samþykkt með þorra atkvæða gegn tveimur.
- 13. grein borin upp - samþykkt 11, á móti 1.
- 17 grein verði 14 grein - öryggisráð í stað öryggisnefndar samþykkt samhljóða
- 15 grein borin upp - regluráð - borin upp - samþykkt samhljóða
- 16 grein verður 18 grein liður 4 - borin upp - samþykkt samhljóða
- 21 grein verður 22 grein - félagaskipta breytingar - borin upp - samþykkt samhljóða

Breytt lög samþykkt samhljóða og fara nú til ÍSÍ framkvæmdastjórnar til samþykktar og taka svo gildi.

### 13. Innsend mál

Tillaga frá Bílaklúbbi Akureyrar um að sameina stöðu framkvæmdastjóra og formanns. Þing samþykkti að vísa þessu máli til stjórnar.

### 14. Til upplýsinga

Lagt fram:

- Reglugerð um keppnisráð AKÍS
- Reglugerð um regluráð AKÍS
- Reglugerð um öryggisráð AKÍS

### 15. Lagt fram til umræðu:

Kosning Akstursíþróttamanna ársins

Formaður kynnir niðurstöðu vinnuhóps um breytingu á vali akstursíþróttamanna ársins.

Lagt er fyrir þingið að samþykkja framkomna tillögu að fyrirkomulagi kosningar.

Lagt er fyrir þingið að velja hvort kjósa eigi karl og konu eða bara einn einstakling.

Umræðan er að þetta sé gulrót fyrir konurnar.

Borið er upp að kosinn verði íþróttamaður ársins. Fellt með þorra gegn einum.

Fyrir liggur að heiðra eigi íþróttakarlar og íþróttakonu.

Borin upp reglugerð með tillögu að fyrirkomulagi sem stjórn hefur samþykkt eftir tillögu vinnuhóps.

Stjórn geti bætt við einum af hvoru kyni.

### 16. Kjörbréfanefnd

Eitt kjörbréf frá aðildarfélagi barst í hús eftir að fundur var hafin. Kjörbréf lagt fram kl.13:20. Samþykkt af fundinum að það væri gilt.

## **17. Afreksstefna AKÍS 2020-2025**

Formaður kynnir það sem unnið hefur verið að í tengslum við afreksstefnuna á liðnu ári. Það hafa farið fram tvö landsliðs verkefni í ár bæði í Hermikappakstri. Einnig er stefnt á að taka þátt í FIA Motorsport Games í Frakklandi í lok októember. Sambandið hefur fengið Andreas Boysen til að sjá um að það verið að vinna í afreksstefnunni.

## **18. Kosningar**

### **18.1 Formaður**

Aðeins hafði borist framboð frá Helgu Katríni Stefánsdóttur til formanns, þannig að hún var sjálfkjörin og var það staðfest með lófataki.

### **18.2 Kosning þriggja stjórnarmanna til tveggja ára**

Kjörin til næstu tveggja ára voru þau Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir, Baldvin Hansson og Hanna Rún Ragnarsdóttir.

### **18.3 Kosning eins stjórnarmanns til eins árs**

Kosinn til eins árs var Halldór Viðar Hauksson.

### **18.4 Kosning þriggja manna í varastjórn**

Sjálfkjörnir til eins árs voru Aðalsteinn Símonarson, Aron Steinn Guðmundsson og Einar Gunnlaugsson. Þing vísaði ákvörðun um röð varamanna til formanns að taka ákvörðun um.

## **19. Kosning skoðunarmanna reikninga sambandsins**

Ingimundur Helgason og Gunnar Bragason voru kjörnir skoðunarmenn með lófataki.

## **20. Kosning áfrýjunardómstóll AKÍS**

Til áfrýjunardómstóls voru kjörin til tveggja ára með lófataki: Skúli Bjarnason hrl. formaður Hannes J. Hafstein hdl. varaformaður Þórhallur B. Jósepsson Berglind Jónasardóttir Árni Árnason.

## **21. Kosning fulltrúa ÍSÍ þing**

Tillaga þings að vísa máli til stjórnar. Samþykkt samhljóða.

## **22. Önnur mál**

Helga kynnir námskeið sem eru á döfinni næstu daga og vikur. Öll námskeið verða í fjarfundi.

Baldvin kynnir nýja reglugerð um heiðursviðurkenningar. Formaður veitir fyrstu heiðursviðurkenningu sambandsins og hana hlýtur Tryggvi M Þórðarson. Silfur merki AKÍS er veitt fyrir að hafa unnið vel og dyggilega að eflingu akstursíþróttanna í áratug eða lengur.

Formaður færir einnig Þrándi Arnþórssyni þakkir fyrir vel unnin störf eftir nær áratugar starf sem framkvæmdarstjóri sambandsins. En hann hefur látið af störfum fyrir sambandið.

## **23. Þingslit**

Þingforseti slítur þingi kl 14:25.

## Viðauki 1 Kjörbréf

	Skírteini	2020	
		Fulltrúar	Mættir
Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar	216	4	3
Akstursíþróttafélag Suðurnesja	68	3	3
Akstursíþróttafélagið START	15	1	0
Akstursíþróttanefnd Heklu	18	1	1
Bífreiddaíþróttaklúbbur Reykjavíkur	103	4	4
Bílaklúbbur Akureyrar	41	2	1
Bílaklúbbur Hafnarfjarðar	0	0	0
Bílaklúbbur Skagafjarðar	6	1	1
Kvartmíluklúbburinn	142	4	4
Stimpill Akstursíþróttafélag	6	1	1
Torfæruklúbbur Suðurlands	29	2	1
Erlendir keppendur	0		
Annað			
	<b>643</b>	<b>23</b>	<b>19</b>

## Viðauki 2

Baldvin Hansson	AKÍS / KK	
Helga Katrín Stefánsdóttir	AKÍS / TKS	
Árni Gunnlaugsson	AKÍS / AÍFS	
Ragnar Róbertsson	AKÍS STIMPILL	(Kjörbréf Stimpill)
Aðalsteinn Símonarson	AKÍS	
Magnús Ragnarsdóttir	AÍFS	(Kjörbréf AÍFS)
Sigurður Arnar Pálsson	AÍFS	(Kjörbréf AÍFS)
Garðar Gunnarsson	AÍFS	(Kjörbréf AÍFS)
Hanna Rún Ragnarsdóttir	BÍKR	(Kjörbréf BÍKR)
Heimir Snær Jónsson	BÍKR	(Kjörbréf BÍKR)
Kolbrún Vignisdóttir	BÍKR	(Kjörbréf BÍKR)

Hlöðver Baldursson	BÍKR	(Kjörbréf BÍKR)
Grímur Helguson	KK	(Kjörbréf KK)
Hilmar Jacobsen	KK	(Kjörbréf KK)
Ingimundur Helgason	KK	(Kjörbréf KK)
Ingólfur Arnarsson	KK	(Kjörbréf KK)
Ásta Andrésdóttir	KK	
Kristinn Snær Sigurjónsson	AÍH	(Kjörbréf AÍH)
Ari Hjaltason	AÍH	(Kjörbréf AÍH)
Atli Jóhann Einarsson	AÍH	(Kjörbréf AÍH)
Ólafur Freyr Ólafsson	HEKLA	(Kjörbréf Hekla)
Sigfús Þór Sigurðsson	TKS	(Kjörbréf TKS)
Baldur Haraldsson	BS	(Kjörbréf BS)
Hrefna Björnsdóttir	BA	(Kjörbréf BA)

### Viðauki 3